



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 7. Mars 2023.

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 22:30

**Fundinn sátu:** Pétur Már, Markús, Daniel, Pura, Helga Veronica og Rán

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. María Sif kynnir galla fyrir stjórn

- María Sif Guðmundsdóttir sem heldur utan um samróðurinn á SUP er að selja 3 gerðir þurr galla sem henta fyrir SUP. Helsti kostur gallana er að þeir eru ekki með sokka en það er líklegast til að slitna og eru áfastir sokkar á flestum sambærilegum göllum.
- Hún ætlar að senda stjórn tilboð í 4 galla og ef ákveðið verður að kaupa galla þá verða þeir leigðir út til að standa straum af kostnaði. Krafa gerð um að þeir sem koma á sup eigi eða leigi galla.
- Umræðum haldið áfram eftir að tilboð kemur.

#### 2. Greiða atkvæði um fundargerðir

- Fundargerð 21. febrúar 2023 samþykkt.

#### 3. Æfingabúðirnar í Króatíu og undirbúningur smáþjóðleikana

- Helga Veronica sagði frá ferðinni en hún gekk vel, hótelið fínt og það voru 130 krakkar á mótinu.
- Silgt alla dagana meðan á dvöl stóð.
- Stífar æfingar í 3 tíma í ákveðnum atriðum, til dæmis vendingum og störtum. Og svo seinni partinn voru liðin sett saman og “keppt”. Farið yfir á myndböndum hvað betur mátti fara og sem læra mátti af. Okkar krökkum gekk vel að tileinka sér.
- Mótið var einn dagur í stað tveggja því að það var stormur annan daginn. Veronica lenti í 74. Sæti og Kjartan var í 88. Sæti.
- Undirbúningsfundur fyrir Smáþjóðleikana í Möltu í maí fljótlega. Krakkarnir fá landsliðsbúning frá toppi til tár og ÍSÍ niðurgreiðir mótið nánast til fulls. Það verða æfingakeppnir og búðir í vor til að undirbúa krakkana fyrir mótið. Gott væri að koma fleiri Þyts krökkum í æfingahópinn fyrir leikana á æfingamótunum
- SÍL er að fara ráða Rob Holden til að halda þjálfaranámskeið og að klúbbarnir geta einnig keypt tilsögn frá honum í sumar.

#### 4. Verðskrá Þyts 2023

Ákvarðanir varðandi gjaldskrá eftirfarandi:

- Æfingagjöld fara í gegnum Sportabler – verð: 30.000,- óbreytt
- Sumarnámskeið – verð: 27.000,-



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- c. Salur – verð fyrir félagsmenn 55 þúsund og 70 þúsund fyrir þá sem ekki eru félagsmenn. Taka út þrifagjald laga texta á síðu um að skila þurfi salnum í því ásigkomulagi sem hann er leigður í. Rán er með það verkefni að breyta þessu á vefnum.

### 5. Kynningarefni og auglýsingar

- a. Stjórn á eftir að fá efni sem nýta á í plagöt og þríbrot. Helga Veronica ýtir á eftir því.
- b. Hugmyndir sem upp komu um hvernig auglýsa má starfið betur fyrir komandi sumar: Kostaðar auglýsingar á samfélagsmiðlum, kaup á auglýsingum í fjarðarfréttum eða að ná að auglýsa á stórum vinnustöðum. Stjórn sammála um að eyða þurfi peningum í að kynna starfið betur fyrir fullorðnum fyrir sumarið.
- c. Apríl þá þarf að keyra á auglýsingum fyrir kayak og sup. Fundur formanns með kayak og Sup fólki (Jón Kristinn og María Sif) á dagskrá til að fara yfir samróðursmálin.

### 6. Tölvukaup

- a. Stjórn samþykkir að kaupa ósamsetta borðtölvu á 150 þúsund fyrir skrifstofu. Einnig þarf að festa kaup á nettri fartölvu fyrir störf stjórnar og miða verður við 150 þúsund króna tölvu.

### 7. Viðhaldsmál girðing, parket

- a. Umsjónamaður fasteigna hjá hfj er með hugsanleg lausn á girðingunni. Málið er í skoðun hjá honum. Einnig er hann að skoða tilboðið í parketslípun, boltinn hjá honum en mikilvægt að fylgja vel eftir til að klára þessi mál.

### 8. Endurnýjun stóla fyrir salinn

- a. Þura heldur áfram að vinna í málinu og skoða hvort mögulegt er að kaupa notaða Stakko stóla sem þarfnast viðhalds miðað við hversu raunhæft það er að félagsmenn gefi stólunum yfirhalningu.

### 9. Endurnýjun talstöðva

Samþykkt kaup á eftirfarandi talstöðvum:

- a. 56.000,- fyrir föstu stöðina án sendingar og vsk.
- b. 3 x icom handtalstöðvar á 75.000,- fyrir utan vsk og sendingu, eigum nú þegar 3.

### 10. Önnur mál

- a. ÍBH þing verður haldið í Maí.
- b. Umræður um merktan fatnað fyrir krakkana. Þarf að kjarna hvaða fatnaður myndi nýtast best, fá verð og ákveða hvernig það yrði fjármagnað áður en farið er lengra með málið.